



Menningarmiðstöð
Hornafjarðar

RANNSÓKNIR

Álaugarey og Standey

Höfn í Hornafirði

Fornleifa- og húsaskráning

vegna breytinga á deiliskipulagi á hafnarsvæði við Krossey

Sigríður Guðný Björgvinsdóttir – Menningarmiðstöð Hornafjarðar

María Björk Gunnarsdóttir – Efla verkfræðistofa

Febrúar 2024



Efnisyfirlit


Inngangur	1
Löggjöf um menningarminjar.....	2
Aðferðir/framkvæmd	3
Hafnarnes og Höfn fyrr og nú	5
Álaugarey eða Álögarey	6
Fornleifaskrá	9
Húsaskráning.....	16
Niðurstöður fornleifaskráningar	17
Heimildaskrá	18
Viðauki	19

*Mynd á forsíðu: Álaugarey á Höfn í Hornafirði 2023, horft til austurs yfir Skarðsfjörðinn. Til hægri á mynd. er verbúðarhúsið sem Þórhallur Daníelsson reisti árið 1929-1932. Í miðju vegstæðinu kom konukuml í ljós 1934. Mynd: Menningarmiðstöð Hornafjarðar (MMH), 2023.

Inngangur

Þéttbýlið Höfn í Hornafirði stendur syðst á Hafnarnesi, lágu og vogskornu nesi sem skilur að Hornafjörð og Skarðsfjörð. Upphaf byggðar á Höfn nær aftur til 1897 þegar verslunarstaðurinn á Papós var fluttur á lóð við Hafnarvík austast á Hafnartanga. Austan við víkina er klapparholtið Heppa, en austan hennar stendur Álaugarey. Rétt norðan Álaugarey er Standey, lítil og lág eyja. Þessar tvær eyjar urðu síðar landfastar um miðja 20. öld, vegna umsvifa á Höfn í tengslum við vélbátaútgerð og hafnarumbóta, strax á þriðja og fjórða áratugnum. Við framkvæmdir í Álaugarey á liðnum áratugum hafa mannvistarleifar komið í ljós en lítið verið rannsakaðar. Virðist sem eyjan eigi sér sögu sem nær mun aftar í tíma en ritaðar heimildir segja til um.

Unnið er að breytingum á gildandi deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið á Höfn og ná þær m.a. til Álaugareyjar og Standeyjar (sjá mynd 1).¹² Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins var deiliskipulagssvæðið tekið út með tilliti til fornminja eins og lög gera ráð fyrir ásamt húsaskráningu.³ Farið var á vettvang 5. desember 2023, úrvinnsla gagna og skýrsluskrif fóru fram í janúar 2024. Fornleifa- og húsaskráning var unnin af Sigríði G. Björgvinsdóttur náttúruandfræðingi og verkefnastjóra rannsóknarsviðs hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Varðveislumat húsa var unnið af Maríu Björk Gunnarsdóttur, arkitekt hjá EFLU verkfræðistofu.



Mynd 1. Úr gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar (2014), hluti hafnarsvæðis merkt með bláu. Hér er úttektarsvæðið afmarkað með rauðum hring. Staðsetning Hafnar við Hornafjörð er sýnd með rauðum punkti á Íslandskorti. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands. Kortagerð: SGB, 2024.

¹ Sveitarfélagið Hornafjörður, 2014

² Sveitarfélagið Hornafjörður og Alta, 2024

³ Lög um menningarminjar nr.80/2012

Löggjöf um menningarminjar

Samkvæmt 1. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) ber að vernda íslenskan menningararf og tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.⁴

Í 3. grein sömu laga eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.⁵

Þar segir einnig að fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.⁶

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

⁴ Lög um menningarminjar nr.80/2012

⁵ Lög um menningarminjar nr.80/2012

⁶ Lög um menningarminjar nr.80/2012

Aðferðir/framkvæmd

Skráning menningarminja sem kynnt er í þessari skýrslu var gerð með aðferðafræði fornleifa- og húsaskráningar samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands um skráningu vegna deiliskipulags.

Kannaðar voru eftirtaldar heimildir í aðdraganda vettvangsvinnu:

- Byggðasaga Hafnarhrepps (Bjarni Bjarnason og Gísli Björnsson, 1976). Í Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, 3. bindi
- Saga Hafnar í Hornafirði - fyrri bindi (Arnpór Gunnarsson, 1997)
- Saga Hafnar í Hornafirði - síðara bindi (Arnpór Gunnarsson, 2000)
- Örnefnaskrá fyrir Hafnarnes (Heimildarmenn: Jón Ófeigsson og Ófeigur Jónsson)
- Örnefnakort, kortavefsjár og Herföngjaráðskort Dana
- Landnám og landnámsfólk (Bjarni F. Einarsson, 2015)

Farið var á vettvang og úttektarsvæðið skoðað kerfisbundið í leit að þekktum sem og óþekktum minjum. Minjastaðir voru staðsettir nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) í hnitakerfi ISN 93 og skráningarupplýsingum safnað. Hver minjastaður var ljósmyndaður frá a.m.k. tveimur áttum, með Canon EOS 6D myndavél.

Leitað var til staðkunnugra á Höfn til að afla nánari upplýsinga um aldur og hlutverk minja innan svæðisins, en það bar lítinn árangur.

Fyrri rannsóknir á úttektarsvæðinu eru takmarkaðar. Árið 1934 rannsakaði þáverandi þjóðminjavörður Matthías Þórðarson mannabein og gripi sem komu í ljós í Álaugarey í tengslum við vegagerð í eyinni.⁷ Hér höfðu menn raskað konukumli sem talið er vera frá 10. öld. Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur kannaði mannvistarlög sem komu í ljós við norðurgafli gömlu verbúðarinnar í Álaugarey vorið 2014.⁸ Í greinagerð til Minjastofnunar taldi Vala að hér gæti verið um mannvistarleifar frá 13.-14. öld að ræða. Engar frekari rannsóknir hafa farið fram á ofangreindum minjum í Álaugarey fram að þessu.

Skráningarformið fyrir forleifaskráningu í skýrslunni er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar.

Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

⁷ Matthías Þórðarson, 1936, bls. 32-34

⁸ Vala Garðarsdóttir, 2014

Ástand minja er metið út frá flokkun Minjastofnunar um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í vegghæð og -breidd ásamt mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hnattstaða er mæld í miðju hvers minjastaðar. Ef eingöngu er um heimild eða frásögn um minjar að ræða, er áætluð staðsetning þeirra grundvölluð á upplýsingum með 20-50 m óvissu.

Húsaskráning var framkvæmd samkvæmt reglum Minjastofnunar Íslands. Hún felst í heimilda- og vettvangsvinnu ásamt skráningu í rafrænt skráningarform stofnunarinnar – Huginn. Skráningin var unnin af Sigríði G. Björgvinsdóttur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar og varðveislumat unnið af Maríu Björk Gunnarsdóttur, arkitekt hjá EFLU. PDF skýrsla úr Huginn fylgir með í viðauka við þessa skýrslu.

Hafnarnes og Höfn fyrr og nú

Þéttbýlið Höfn stendur í fyrrum landi Hafnarness. Búsetusaga Hafnarnesjarðar nær a.m.k. aftur til 14. aldar en jörðin var metin ein af þeim betri í Nesjahreppi, með mikil hlunnindi.^{9,10} Á 16. öld er Hafnarnes í eigu Teits ríka Gunnlaugssonar í Bjarnanesi en seld Skálholtsbiskupi eftir siðaskiptin.¹¹ Seint á 18. öld er jörðin í konungseign og verður þjóðjörð 1874.¹² Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir um Hafnarnes: „Land jarðarinnar er mjög vogskorið með mörgum nesjum og töngum. [...] Allt land jarðarinnar er samfellt, þó slitnar það nærri sundur við Stekkakeldu. Meginhluti landsins er þar suður af. Það er mjög gott til ræktunar. [...] Lítil engjalönd fylgdu jörðinni.“¹³ Jörðinni tilheyrði 42 eyjar og hólmar í Hornafirði og Skarðsfirði. Allmikil taða fékkst í eyjunum og þá mest í Álaugarey.

Við stofnun verslunarstaðar á Höfn í lok 19. aldar urðu kaflaskil í búsögu Hafnarness. Árið 1928 fór jörðin úr ábúð og fékk kaптúnið 2/3 hluta jarðarinnar undir sína lögsögu og 1965 eignaðist Hafnarhreppur alla jörðina.^{14,15} Frá 1997 hefur Sveitarfélagið Hornafjörður haft full yfirráð yfir landi Hafnarness.

Upphaf þéttbýlismyndunar á Höfn má rekja til ársins 1897 þegar Otto Tulíníus kaupmaður flutti verslun sína og heimili frá verslunarstaðnum á Papós í Lóni til Hafnar.¹⁶ Verslunarlóðinni var valinn staður á Hafnartanga, syðst í landi Hafnarness og tók yfir allan austurhluta tangans. Verslunar- og íbúðarhúsin voru reist við Hafnarvík, milli Afkastahóls og Heppu (sjá mynd 2).¹⁷ Á fyrstu tveimur áratugunum var plássið fyrst og fremst verslunarstaður með nokkra tugi íbúa sem höfðu viðurværi sitt af verslunarstörfum og sjálfsþurftarbúskap.¹⁸ Um 1920 tók kaптúnið vaxtarkipp, sem má rekja til aukinnar vélbátaútgerðar frá Hornafirði.¹⁹ Á þeim tíma voru allt að 12 vélbátar af Austfjörðum gerðir út frá Höfn á vetrarvertíð, áhafnir þeirra töldu hátt í 60 manns. Var því mikil eftirspurn eftir viðleguplássi og húsnæði, sem leiddi til aukinnar uppbyggingar verstöðva og verbúða í kaптúninu. Í því samhengi má nefna verstöðvarnar í Mikley og Álaugarey ásamt Miklagarði.

⁹ Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13, bls. 93

¹⁰ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 154

¹¹ Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13, bls. 93

¹² Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 50

¹³ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 153-154

¹⁴ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 194-195


¹⁵ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 194-195

¹⁶ Gísli Björnsson, 1976, bls. 179

¹⁷ Gísli Björnsson, 1976, bls. 178

¹⁸ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 190

¹⁹ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 239



Mynd 2. Skjáskot af Herfingjaráðskorti Dana frá 1905 er sýnir verslunarstaðinn syðst á Hafnarnesi og afstöðu Álaugareyjar (Álögareyjar) og Standeyjar gagnvart Hafnarnestanga. Heimild: Landmælingar Íslands, kortasjá.

Álaugarey eða Álögarey

Álaugarey eða Álögarey, eins og eyjan er nefnd í örnefnaskrá, var ein af 42 eyjum og skerjum í Skarðs- og Hornafirði sem tilheyrðu Hafnarnesjörðinni.²⁰ Álaugarey var með þeim stærstu og gaf af sér mestu töðuna af þeim sem nytjaðar voru af hálfu Hafnarnessbænda.²¹ Rétt norðan við Álaugarey er Standey, lítil og lágreist eyja (sjá mynd 2). Þegar jörðinni var skipt upp árið 1929 komu 14 eyjar og hólmar í hlut kaupsins og voru fljótlega leigð íbúum þess sem slægjulönd.²² Austan Álaugareyjar er Mikley, stór eyja sem tilheyrði Horni í Nesjahreppi.

Á blómatíma vélabátaútgerðar frá Hornafirði, á öðrum til fjórða áratugnum var mikil eftirspurn fyrir aðstöðu og verbúðir á Höfn.²³ Árið 1929 tók Þórhallur Daníelsson athafnamaður og fyrrum kaupmaður á Höfn Álaugarey á leigu og hóf strax framkvæmdir við að reisa þar nýja verstöð austast á eyinni (sjá mynd 3).²⁴ Fyrir voru tvær verstöðvar áður í eigu Þórhalls, Mikligarður og verstöðin í Mikley en hafði nýlega selt þær Kaupfélagi Austur-

²⁰ Ö-skrá fyrir Hafnarnes, bls. 3

²¹ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 154

²² Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 200

²³ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 239

²⁴ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 260

Skaftfellinga. Þótti Álaugareyjarverstöðin taka öðru atvinnuhúsnæði á Höfn fram en helsti ókosturinn var samgönguleysið við fasta landið. Öll aðföng og þjónustu þurfti að sækja á bátum. Árið 1934 lét Þórhallur leggja veg frá norðvestur strönd eyjunnar að verstöðvarhúsunum. Við þær framkvæmdir komu í ljós mannabein í vegstæðinu ásamt gripum og reyndist hér vera um konukuml að ræða.²⁵



Mynd 3. Verstöðin í Álaugarey 1945. Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson (HérA-Skaft 1991-16-503).

Þórhallur rak verstöðina til ársins 1938, er hann seldi Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga allar eignir sínar í Álaugarey. Verstöðin, nú í eigu KASK, var starfrækt áfram sem slík fram undir 1950. Vegna versnandi hafnaraðstæðna við Höfn dróg verulega úr útgerð austfirskra útgerðamanna frá Hornafirði á eftirstríðsárunum, að ekki var lengur þörf á verstöðvum í Álaugarey og Mikley og voru þær aflagðar í kjölfarið.²⁶

Milli Mikleyjar og Álaugareyjar er Mikleyjaráll og um hann og svokallaða Lænu, rennu norðan Álaugareyjar, lá innsiglingin að bryggju á Höfn.²⁷ Árið 1953 var tekin ákvörðun um að færa innsiglinguna suður fyrir Álaugarey og var allt efni sem grafið var upp úr nýju innsiglingarrennunni notað til uppfyllingar á milli Heppu, Standeyjar og Álaugareyjar.²⁸ Um haustið sama ár var lagður vegur út í eyna og þar með var hún komin í vegasamband við kauptúnið. Á lóðum norðvestan við verbúðarhúsið, eina mannvirkið frá verstöðinni sem enn stendur, stóðu 5 olúgeymar reistir um 1960 en fjarlægðir 2006-7.^{29,30}

²⁵ Matthías Þórðarson, 1936, bls. 32- 34

²⁶ Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 118

²⁷ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 271

²⁸ Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 119

²⁹ Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 245

³⁰ Loftmyndir ehf, loftmyndir frá 2006-7



Hafnarsvæðið á Höfn

Gulur rammi afmarkar deiliskipulagsreit.

Rauður rammi afmarkar úttektarsvæðið.

Rauðir punktar vísa til staðsetningar minjæninga sem skráðar eru í þessu verkefni.

0 50 100 m



Heimild: Loftmyndir ehf

Kortagerð: Sigríður G Björgvinsdóttir, MMH

Mynd 4. Myndkort yfir skráða minjastaði í Álaugarey og Standey. Sjá nánar í fornleifaskrá hér neðar.

Fornleifaskrá

Hér neðar er skráning fornleifa á hluta deiliskipulagsreits norðaustan við hafnarsvæðið á Höfn (sjá mynd 4). Fornleifaskráningin hlaut verkefnanúmerið 3171 hjá Minjastofnun Íslands. Að auki gamla verbúðarhússins eru seinni tíma mannvirki á lóðum innan úttektaarreitsins: Við Krosseyjarveg 6 - eldsneytistankar og aðstöðuhús Olíudreifingar ehf, reist um 1960. Krosseyjarveg 19 - Aðveitustöð RARIK á Höfn, byggð 1960-63.³¹ Iðnaðarhúsnæði við Álaugarveg 8, 19 og 21, öll byggð á landfyllingu frá 1975 og síðar.³² Í Standey er fjarskiptamastur og tækjahús yfir sendi, reist um 2011-12.³³ Fyrri rannsókn á svæðinu hefur verið getið hér ofar.

Auðkennisnúmer: 3171: 001

Álaugarey er ein af fjölmörgum eyjum í Hornafirði sem voru áður í eigu Hafnarness.³⁴ Eyjan gaf af sér mestu töðuna af þeim sem nytjaðar voru af hálfu Hafnarnessbænda.³⁵ Við skiptingu Hafnarnesjarðar 1929 voru þær eyjar og sker sem kaupúnið fékk til yfirráða leigð út til íbúa kaupúnsins sem slægjulönd. Á hólbarði um 20 m suður af veginum um Álaugarey stendur tóft. Á Herforingjaráðskorti frá 1905 er merkt hús undir þaki í eyinni (sjá mynd 2).

Staðsetning: A 684514.000 – N 421959.189

Sérheiti:

Ástand: vel greinanlegar minjar

Tegund: tóft

Vegghæð frá: 0,5 m

Hlutverk: beitarhús


Vegghæð til: 1,0 m

Aldur frá – til : 1850 – 1950

Veggjabreidd: 1,0 m

Friðlýst: nei

Hætta: mikil hætta vegna framkvæmda



Mynd 5. T.v. uppmæling af tóft 001. Hægra megin er ljósmynd af sömu tóft, horft til austurs. Mynd: MMH, 2023.

³¹ Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 87

³² Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 56

³³ Sveitarfélagið Hornafjörður, teikn. HFN-6321

³⁴ Ö-skrá fyrir Hafnarnes - 3

³⁵ Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 154

Lýsing: Tóftin er tvíhólfa, um 12 x 7 m að ytri stærð og snýr austur-vestur með op til suðurs (sjá mynd 5). Eystra hólfið er 3 x 4 m að innanmáli, hefur líklegast verið hlaða eða aðhald. Vestara hólfið er töluvert minna, 2 x 2,5 m að innan og vantar á vesturvegg hólfsins. Óvíst er hvort mannvirkið hafi tilheyrt Hafnarnesbændum eða íbúum kaupsins sem höfðu slægu afnot í eygni og nýtt sem beitarhús.

Auðkennisnúmer: 3171: 002

Í febrúar 1934 fannst kuml í Álaugarey. Þórhallur Daníelsson athafnamaður á Höfn lét ryðja fyrir vegi þvert yfir Álaugarey að nýreistum verstöðvarhúsum sínum við austur strönd eyjunnar. Við framkvæmdina grófu vegagerðarmenn niður á mannabein og gripi í miðju vegstæðinu rétt norðvestan við verbúðarhúsið (sjá mynd 6). Matthías Þórðarson þáverandi þjóðminjavörður rannsakaði kumlafundinn sama ár og lýsti fundarstaðnum svohljóðandi: „Hann var nyrst á eyinni, austarlega, mjög skammt frá sjó. [...] Þúfa, lág og allbreið, hafði verið yfir henni [þ.e. dysinni], en ekki áberandi, því að jarðvegurinn umhverfis var dálítið ójafn. Hann er mold ein og sást nú ekki, hversu víð gröfin hafði verið í fyrstu, en grunnt hafði hún verið grafín, og var nú vart meira en 1/3 m frá yfirborði að grafarbotni.“³⁶ Lokaorð í samantekt þjóðminjavarðar eru: „Er þessi forndys með hinum merkari, sem fundist hafa hér á landi.“³⁷ Í sömu samantekt Matthíasar segir: „Eyin er nú ætíð nefnd Álögarey, og svo er nafn hennar stafað á uppdrætti herföngjaráðsins frá 1905, en vitanlega er hið upphaflega nafn Álöfarey; hefir eyin verið kennd við konu með því nafni, sennilega einmitt þá hina sömu, er nú sást, að hér hafði verið grafín. – Álöf er sama og Ólöf.“³⁸ Nákvæm staðsetning kumlsins er ekki kunn og eru uppgefin hnit fræðileg staðsetning með óvissu upp á ca 5 m frávik frá miðju punkts.

Staðsetning: A 684562.155 – N 421973.253

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: heimild

Ástand: sést ekki til minja

Hlutverk: kuml

Horfin: vegna vegaframkvæmda

Aldur frá – til : 860 – 1000

Hætta: mikil hætta vegna framkvæmda

Lýsing: Við vegaframkvæmdina hafði kumlastæðið og næsta umhverfi þess orðið fyrir töluverðu raski. Í kumlinu fundust fáein bein og lágu þannig að höfuð snéri í austur og fætur í vestur.³⁹ Beinin voru smágerð, sömuleiðis höfuðkúpan og mikið eydd af fúa. Yfir beinunum lág járnstöng í 5 brotum, samtals um 78 cm löng. Matthías taldi beinin af lágvaxinni og aldraðri konu, sennilegast komin yfir áttætt við andlát. Beinin voru aldursgreind 1998 og niðurstöður sýndu að konan hafi verið á aldursbilinu 35-45 ára.⁴⁰ Eftirfarandi munir fundust í gröfinni: járnstöng (Þjms: 11563), kambur úr hornbeini (Þjms: 11566), tvær kúptar nælur úr brönsi af Borróstíl (Þjms: 11564A&B) og armaugur úr tálguholi (Þjms: 11565).^{41,42} Einnig nokkrir hlutir úr járn: s.s. skæri (Þjms: 11567), hnífur (Þjms: 11568), hringir (Þjms: 11569 & 11570), járnbrott úr ógreindum munum (Þjms: 11571 & 11572) og fataleifar (Þjms: 11573). Af

³⁶ Matthías Þórðarson, 1936, bls. 33

³⁷ Matthías Þórðarson, 1936, bls. 34

³⁸ Matthías Þórðarson, 1936, bls. 33

³⁹ Matthías Þórðarson, 1936, bls. 33

⁴⁰ Hildur Gestsdóttir, 1998, bls. 10

⁴¹ Kristján Eldjárn, 2016, bls. 240

⁴² Þjóðminjasafn Íslands, – Þjms: 11563-73.

haugfénu að dæma er talið að kumlið sé frá 10. öld (sjá mynd 7). Brjóstnælur af ofangreindum stíl var helsti tiskustíllinn á Norðurlöndum á s.hl. 9. aldar og alla 10. öld og gerðin talin með algengustu skartgripum kvenna á víkingaöld.⁴³ Sambærilegir gripir sem fundist hafa í kumlum á Íslandi eru frá 10. öld.⁴⁴ Merkilegasti gripurinn af haugfénu er álitinn armaugurinn, en slíkur gripur hafði ekki fundist áður á Íslandi og rennur stoðum undir því að kumlið sé jafnvel frá öndverðri 10. öld.⁴⁵ Álitnið er að hér hafi verið grafin kona sem taldist til hinna efnameiri eða úr efri stéttum samfélagsins.⁴⁶ Ýmsar tilgátur hafa komið fram um tilvist þessarar konu. Hugmynd fyrrum þjóðminjavarðar um að hér hafi verið grafin kona að nafni Álöf eða Ólöf og eyjan beri nafn hennar, Álöfarey. Önnur tilgáta er að konan hafi verið völvu, járnteinninn verið völvustafur konunnar, þannig að um völvuleiði sé að ræða.⁴⁷ Upphaflega nafn eyjunnar hafi verið Álagæy. En ráðgátan um hvað sé rétta heiti eyjunnar eða hver þessi kona var verður óleyt, a.m.k. þar til nánari rannsóknir hafa farið fram, ef þá nokkurn tímann verður hægt að skera úr um það. Engin ummerki um kumlastæðið er að sjá á vettvangi (sjá mynd 8). Bent skal á ljósmynd í aðfangabók Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni (Nr. Lpr/2015-220-160), tekin í Álaugarey í ágúst 1932. Myndin er tekin eftir að verbúðarhúsið er reist en áður en vegurinn er lagður. Þó svo myndin gefi ekki vísbendingu um staðsetningu kumlsins er hægt að sjá hvernig umhorfs hefur verið á staðnum áður en vegaframkvæmdirnar hófust.



Mynd 6. Horft yfir vegstæðið í áttina að þeim stað þar sem kumlið fannst. Nákvæm staðsetning þess er ekki kunn en í lýsingu þjóðminjavarðar sögð norðaustan í eyinni, ekki langt frá sjó. Mynd: MMH 2023.

⁴³ Kristján Eldjárn, 2016, bls. 357-359

⁴⁴ Kristján Eldjárn, 2016, bls. 473-475

⁴⁵ Kristján Eldjárn, 2016, bls. 240 og 475

⁴⁶ Kristján Eldjárn, 2016, bls. 304

⁴⁷ Bjarni F. Einarsson, 2015, bls. 58



Mynd 7. Meðal gripa sem fundust í kumlinu í Álaugarey. Frá vinstri að ofan: Kúptar nælur -11564a og b, armbaugur - 11565, kambur - 11566, og járnstöng 11563. Heimild: Þjóðminjasafn Íslands: www.sarpur.is



Mynd 8. Álaugarey 2023, mynd tekin frá sama sjónarhorni og mynd í safni Ljósmyndasafns Íslands (Lpr/2015-220-160). Mynd: MMH 2023.

Auðkennisnúmer: 3171: 003

Rétt norðaustan við gamla verbúðarhúsið í Álaugarey, nú verslun Húsgagnavals, komu í ljós mannvistarleifar í sniði, þegar grafið var fyrir drenlagn við húsið árið 2014 (sjá mynd 9).⁴⁸ Umrætt svæði er nokkrum metrum austan við kumlastæðið (skrán. 3171:002) og vegna þess voru kvaðir á húseigenda að lát vita af öllum fyrirhuguðum framkvæmdum í grennd við húsið. Fornleifafræðingur var viðstaddur framkvæmdir og stöðvaði þær um leið og ummerkin komu í ljós.

Staðsetning: A 684579.576 – N 421973.924

Sérheiti:

Friðlýst: nei

Tegund: heimild um mannvistarleifar

Ástand: sést ekki til minja

Hlutverk: óþekkt

Hætta: mikil hætta vegna framkvæmda

Aldur frá – til: 900 – 1950

Lýsing: Samkvæmt greinargerð Völu Garðarsdóttur fornleifafræðings til Minjastofnunar Íslands, sem kannaði umfang og eðli minjanna, sáust kolaleifar, móaska og gjóska í sniðinu. Einnig hvít og rauð aska. Í skýrslu Völu segir: „Töluverður rauði var í jörðinni á mjög afmörkuðu svæði ásamt kolum. Greinilegur brunni hefur átt sér stað og má sjá „fótspor“ af brenndum, viði umhverfis blandað mannvistarlag sem einna helst samanstendur af mó og torfblöndu ásamt dökkgulum flekkjum sem einna helst minna á morkin bein. Ekki er hægt að segja með vissu hvort um manna- eða dýrabein er um að ræða ...“⁴⁹ Telur Vala að hér sé mögulega um minjar frá víkingatíma að ræða, vegna afstöðu þeirra til öskulags úr Örfajökli 1362 sem liggur ofar í sniðinu. Vala útilokar ekki að öskulagið hafi raskast eftir þann atburð, þ.e. að minjarnar séu yngri en 1362.



Mynd 9. Mannvistarlæg komu í ljós norðaustan við húsgaflinn. Mynd: MMH 2023.

⁴⁸ Vala Garðarsdóttir, 2014. Greinargerð, óútgefið.

⁴⁹ Vala Garðarsdóttir, 2014. Greinargerð, óútgefið.

Auðkennisnúmer: 3171: 004

Á Herforingjaráðskorti frá 1905 er vísbending um að hús undir þaki hafi staðið suðvestast í Standey (sjá mynd 2).

Staðsetning: A 684516.187 – N 422151.016

Sérheiti:

Ástand: vel greinanlegar minjar

Tegund: tóft

Vegghæð frá: 0,4 m

Hlutverk: óþekkt

Vegghæð til: 0,8 m

Aldur frá – til: 1850 - 1950

Veggjabreidd: 0,5 m

Friðlýst: nei

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Tóftin er einhólfa, stærð 0,6 x 1,8 m að innanmáli. Veggir úr torfi, ekki sást í grjóthleðslur en ekki er hægt að útiloka þær. Mynd 10 t.v. sýnir tóft 004, horft til norðurs.



Mynd 10. Tóftir í Standey, 004 (t.v.) og 005 (t.h.). Myndir: MMH 2023.

Auðkennisnúmer: 3171: 005

Rétt norðaustan við tóft 004 er stærri tóft (sjá mynd 10 t.h. horft til suðurs). Á ljósmynd frá um 1940 tekin af Heppu í átt að Standey sést tóftin greinilega (sjá mynd 11).

Staðsetning: A 684525.361 – N 422158.849

Sérheiti:

Ástand: vel greinanlegar minjar

Tegund: tóft

Vegghæð frá: 0,5 m

Hlutverk: óþekkt

Vegghæð til: 0,8m

Aldur frá – til : 1850 - 1950

Veggjabreidd: 0,8 m


Friðlýst: nei

Hætta: hætta vegna rasks

Lýsing: Tóftin er stærri en tóft 004, stærð 1,2 x 2 m að innanmáli. Stendur ögn norðar og hærra á eyinni en tóft 004. Þó má áætla að mannvirkin séu frá sama tíma. Engar heimildir hafa fundist hverjum þessi mannvirki hafa tilheyrt en af stærð að dæma er líklegt að þetta eru leifar hrúta-eða lambakofa, frá íbúum kaupsins sem leigðu sér slægju og beitarlönd í eyjunum í Skarðsfirði eftir 1929.



Mynd 11. Horft af Heppu yfir Standey, sem er eyjan vinstra megin fyrir miðri mynd. Tóft nr. 005 er efst á eynni. Myndin sýnir Lænuna, innsiglinguna til Hafnar fram til 1953 og fyrsta hafnargarðinn sem byggður var til að bæta innsiglinguna. Myndina tók Vigfús Sigurgeirsson ljósmyndari um 1940 og er hún í vörslu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar (HérA-Skaft 1990-4-42).



Mynd 12. Í Álaugarey voru verbúir fyrir sex bátaáhafnir, bryggja, söltunar- og beitingarhús, íshús og lifrabræðsla. Mynd í vörslu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar (HérA-Skaft 1990-4-21).

Húsaskráning

Eins og ofar greinir lét Þórhallur Daníelsson athafnamaður á Höfn reisa nýja verstöð austast í Álaugarey árið 1929.⁵⁰ Verstöðin var tekin í notkun á vetrarvertíð 1931. Þar voru verbúðir fyrir sex áhafnir, bryggja, söltunar- og beitingarhús, íshús og lifrarbræðsla (sjá mynd 12). Byggingarnar voru að stærstum hluta steinsteyptar og raflýstar frá rafstöð í eyinni. Engin salerni né baðherbergi voru þó í húsum og nýttar voru fjórar kolaeldavélar til upphitunar.⁵¹ Samt sem áður þótti Álaugaeyjarverstöðin taka öðru atvinnuhúsnæði á Höfn fram. Þórhallur rak verstöðina til ársins 1938, þegar hann seldi Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga allar eignir sínar í Álaugarey. Verstöðin, þá í eigu KASK, var starfrækt áfram sem slík fram undir 1950. Verbúðarhúsið er eina mannvirki verstöðvarinnar sem ennþá stendur, öll önnur hafa verið fjarlægð. Að auki gamla verbúðarhússins eru seinni tíma mannvirki á lóðum innan úttektarreitsins (sjá töflu 1.)

Innan úttektarsvæðisins er eitt mannvirki skráningarskylt samkvæmt ákvæðum menningarminjalaga um húsaskráningu, hús á Álaugarey lóð – L159571. Um er að ræða verbúðarhúsið sem tilheyrði verstöðinni í Álaugarey, reist 1929-1932. Í dag er rekin verslunin Húsgagna- og húsnæðis í húsinu.

Farið var á vettvang 5. desember 2023, vettvangs- og grunnskráningu vann Sigríður Guðný Björgvinsdóttir landfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Varðveislumat var unnið af Maríu Björk Gunnarsdóttur arkitekt hjá EFLU. Grunnskráning og varðveislumat er í skýrslu úr skráningarforminu Huginn í viðauka. Engar teikningar af húsinu eru tiltækar í teikningasafni byggingafulltrúa sveitarfélagsins.

Tafla 1. Önnur mannvirki innan úttektareits. Heimild: www.fasteignaskra.is

Lóð	Hnit A ISN 93	Hnit N ISN 93	Tegund húsnæðis	Byggingarár
Krosseyjarvegur 6 L188873	684461.654	421975.050	Eldsneytistankar Olíudreifing ehf	1951-2022
Krosseyjarvegur 6 L188873	684425.000	422009.000	Aðstöðuhús Olíudreifing ehf	1965
Krosseyjarvegur 19 L189156	684430.000	422035.000	Aðveitustöð RARIK	1966
Álaugarvegur 8 L180380	684395.000	422115.000	Iðnaðarhús	1999
Álaugarvegur 19 L159567/L174380	684366.000	422119.000	Iðnaðarhús	1979
Álaugarvegur 21 L174359	684425.000	422181.000	Iðnaðarhús	1995
Standey L160058	684539.000	422172.000	Tækjahús	1976
Standey L160058	684545.000	422166.000	Fjarskiptamastur	2011

⁵⁰ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 260

⁵¹ Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 260

Niðurstöður fornleifaskráningar

Alls voru skráðar 5 fornleifar innan úttektareitsins í Álaugarey og Standey (sjá mynd 4), þar af 3 tóftir og tvær skráðar heimildir um fornminjar.

Í eftirfarandi töflu eru helstir þættir skráningarinnar teknir saman, þ.e. númer fornleifa, staðsetning, tegund, hlutverk, aldur og hættumat.

Tafla 2. Samantekt skráðra minja í verkefni 3171, í Álaugarey og Standey á Höfn í Hornafirði

Auðkenni	Hnit A ISN 93	Hnit N ISN 93	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hætta
3171:001	684514.000	421959.189	tóft	beitarhús	1850 - 1950	mikil hættu
3171:002	684562.155	421973.253	heimild	Kuml	860 - 1000	mikil hættu
3171:003	684579.576	421973.924	heimild um mannvistarleifar	óþekkt	860 - 1950	mikil hættu
3171:004	684516.187	422151.016	tóft	óþekkt	1850 - 1950	hættu
3171:005	684525.361	422158.849	tóft	óþekkt	1850 - 1950	hættu

Aldur minjanna nær aftur til 10. aldar og fram undir 1950. Elstu fornleifarnar eru heimildirnar um kumlið í Álaugarey, talið vera frá víkingaöld eða landnámstíma Íslands og mannvistarleifar eða -lög frá 14. öld, jafnvel enn eldri. Tóftirnar þrjár eru taldar til seinni hluta 19. aldar eða byrjun þeirrar 20. Notkunartími þeirra gæti hafa náð fram til 1950.

Allar minjarnar eru metnar í hættu eða mikilli hættu. Í Álaugarey eru skráðar minjar taldar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda samkvæmt lýsingu deiliskipulags. Í Standey eru minjar metnar í hættu vegna rasks.

Að ofan töldu er ljóst að Álaugarey á sér lengri sögu en ritaðar heimildir gefa til kynna. Kumlafundurinn 1934 er vitnisburður um að þar hafi verið lagður til hinstu hvílu, sá elsti Hafnarbúi sem vitað er um, enn sem komið er. Ekki er hægt að útiloka að hin meintu mannvistarlög sem komu í ljós í næsta nágrenni við kumlastæðið gætu verið frá sama eða svipuðum tíma og kumlið, þ.e. frá 10 öld. Gera má ráð fyrir að fleiri minjar leynist í jörðu í Álaugarey, þrátt fyrir að yfirborðið gefi annað til kynna. Skorað er á Minjastofnun að setja ströng ákvæði um allar framkvæmdir í Álaugarey, að helgunarmörk fornleifa verði virt að fullu og fulltrúi minjaverndar verði til staðar ef og þegar framkvæmdir verða á austur hluta deiliskipulagssvæðisins.

Heimildaskrá

Heimildir - fornleifaskráning:

Arnþór Gunnarsson (1997). *Saga Hafnar í Hornafirði, fyrri bindi, aðdragandi búsetu og frumbýlisár*. Hornafirði: Hornafjarðarbær.

Arnþór Gunnarsson (2000). *Saga Hafnar í Hornafirði, Síðara bindi, 1940-1975*. Hornafirði: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Bjarni Bjarnason (1976). Hafnarnes. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, III.bindi (bls. 153-161). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Bjarni F. Einarsson (2015). *Landnám og landnámsfólk, saga af bæ og blóti*. Reykjavík: Skrudda ehf.

Gísli Björnsson (1976). Höfn. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, III.bindi (bls. 163-325). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Hildur Gestsdóttir (1998). *Kyn- og lífaldursgreiningar á beinum úr íslenskum kumlum*. Fornleifastofnun Íslands, rannsóknarskýrsla FS055-98151. Sótt á <https://fornleif.is/#utgafur>

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (á.á.) *Fasteignaskrá*. Sótt á <https://fasteignaskra.is/>

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. IX. bindi 1262-1536 (1909-1913). Reykjavík: Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi.

Kristján Eldjárn (2016). *Kuml og haufgæ, úr heiðnum sið á Íslandi* (3.útg.) Adolf Friðriksson (ritsj.). Reykjavík: Mál og menning.

Landmælingar Íslands (á.á.) *Kortagrunnur IS 50V*.

Landmælingar Íslands (2024). *Kortasjá*. Sótt á: <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>

Loftmyndir ehf (á.á.). *Loftmyndir 2006-2007*. Sótt á www.map.is/base

Loftmyndir ehf (2023). *Loftmyndagrunnur*. GeoTiff-lágflugsmyndir

Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

Matthías Þórðarson (1936). Rannsókn nokkurra forndysja o.fl. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1933-1936*, 45. árg. (bls. 28-46). Sótt á <https://timarit.is>

Menningarmiðstöð Hornafjarðar (2024). Ljósmyndir: *HérA-Skaft 1990-4-21, HérA-Skaft 1990-4-42, HérA-Skaft 1991-16-503*.

Sveitarfélagið Hornafjörður (2014). *Aðalskipulag 2012-2030*. Sótt á: <https://www.hornafjordur.is/media/skjol/Greinagerd-adalskipulags.pdf>

Sveitarfélagið Hornafjörður og Alta (2023). Hafnarsvæðið við Krossey. Lýsing fyrir endurskoðun deiliskipulags. Sótt á: <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/472>

Sveitarfélagið Hornafjörður (2024). Skipulagssvið. Teikning nr. HFN-6321. Sótt á: <https://teikningar.hornafjordur.is/HFN%20-6321.pdf>

Vala Garðarsdóttir (2014). *Fornminjar í Álaugarey*. Greinagerð til Minjastofnunar Íslands um eftirlit og vettvangsrannsókn í Álaugarey, dags. 30. 05. 2014. Óútgefið.

Þjóðminjasafn Íslands (1934). *Aðfang 11563 – 11573*. Sótt á: <https://sarpur.is/>

Þjóðminjasafn Íslands (2015). *Aðfangabók Ljósmyndasafns Íslands. Nr. Lpr/2015-220-160*. Sótt á: <https://sarpur.is/>

Örnefnaskrá – Hafnarnes. Stefán Einarsson skrásetjari, heimildarmenn: Jón Ófeigsson og Ófeigur Jónsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildir - húsaskráning:

Anna Þórhallsdóttir (1997). *Brautryðjendur á Höfn í Hornafirði*. Reykjavík.

Arnþór Gunnarsson (1997). *Saga Hafnar í Hornafirði, fyrra bindi, aðdragandi búsetu og frumbýlisár*. Hornafirði: Hornafjarðarbær.

Arnþór Gunnarsson (2000). *Saga Hafnar í Hornafirði, Síðara bindi, 1940-1975*. Hornafirði: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Gísli Sverrir Árnason (1994). *Þó hver einn megni smátt. Saga Atvinnufélags Hafnarverkalýðs á Hornafirði 1929-1942*. Hornafirði: Verkalýðsfélagið Jökull.

Gísli Björnsson (1976). Höfn. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, III.bindi (bls. 163-325). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (á.á.) *Fasteignaskrá*. Sótt á <https://fasteignaskra.is/>

Menningarmiðstöð Hornafjarðar (2024). Ljósmynd HérA-Skaft 1995-19-1.

Viðauki

Sjá skýrslu úr skráningarforminu Huginn hér neðar:

Fyrsti eigandi: Þórhallur Daníelsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð; Verbúð

Núverandi notkun: Verslun; Gisting



Verbúðin í Álaugarey, án ártals. Mynd:MMH



Álaugarey, 2023. Mynd:MMH

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	Útveggir klæddir bárujárn	
Útveggir:	Múrsléttað	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	Skipt um glugga að hluta til	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp	Viðbygging við vestur gafl húss	
Útlit:	Tvílyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari; Útbygging úr kjallara	Tvílyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Útitröppur; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Saga verbúðarinnar er samofin sögu verstöðvarinnar í Álaugarey. Sumarið 1929 tók Þórhallur Daníelsson athafnamaður og fyrrum kaupmaður á Höfn, lóð á leigu í Álaugarey og hóf að reisa þar verstöð sem tekin var í notkun á vertíð 1931. Á þeim tíma var Álaugarey stök eyja í Skarðsfirði, milli Heppu og Mikleyjar en upp úr 1935 var hafin vinna við landfyllingu til að tengja eyjuna hafnarsvæðinu við Heppu og Hafnarvík. Verstöðin samanstóð af fjölda bygginga; verbúðarhús á tveimur hæðum ásamt kjallara, beitingar- og söltunarhús, íshús og lifrabræðsluhús ásamt skúrum og bryggju. Verstöðin gat þjónað allt að 6 áhöfnum, sem flestar voru af austfirskum vélbátum sem gerðir voru út frá Hornafirði. Álaugareyjarverstöðin þótti eins sú myndarlegasta í Hornafirði, flest húsin voru steinsteyp og öll raflýst frá olíurafstöð í eyinni. Helsta vandamálið voru samgöngur við land en þangað þurfti að sækja alla verslun og þjónustu. Verbúðarhúsið er eina verstöðvarbyggingin sem stendur enn í Álaugarey.

Í fasteignamati 1934 voru í húsinu skráð 20 herbergi fyrir áhafnir en engin salerni né baðherbergi voru til staðar, a.m.k. fyrstu árin. Eina kyndingin í húsinu kom frá fjórum kolaeldavélum. Í kjallara voru beitningaskúrar. Efnahagskreppa milli stríðsaráranna ríkti allan þann tíma sem Þórhallur rak verstöðina. Þar að auki rak hver aflaleysisvertíðin aðra svo að tekjur af verstöðinni komu sér illa fyrir allan rekstur. Fór svo að Þórhallur seldi allar eigur sínar í Álaugarey til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga árið 1938. Þar með lauk 37 ára sögu atvinnurekstrars Þórhalls Daníelssonar á Hornafirði.

Ein meginástæða kaupa Kaupfélagsins á verstöðinni var sú að verbúðarhúsið var nýlegt og eftirsóttara af útgerðarmönnum en eldri verbúðirnar Mikligarður og Mikley, sem félagið keypti af Þórhalli 1933.

Eftir að Kaupfélagið seldi verbúðarhúsið hefur þar verið rekin ýmis starfsemi. Um tíma var þar smíðaverkstæði en frá seinni hluta 20. aldar hefur húsið verið nýtt fyrir verslun og gistingu. Í fyrstu var gistingin á efri hæðinni en verslun á þeirri neðri en í dag er verslun rekin á báðum hæðum hússins en gisting í viðbyggingu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggj.list:	Hátt	Upprunalegi hluti verbúðarhússins er reisulegur, húsið er með kvistum í austur og vestur og fallegri gluggasetningu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið hefur menningarlegt gildi fyrir sögu sjósóknar á Höfn og er eina verstöðvarbyggingin sem stendur enn í Álaugarey.
Umhverfisgildi:	Hátt	Verbúðarhúsið er mjög áberandi í Álaugarey og fellur vel að strandlengjunni, staðsetning þess við sjóinn er virðuleg og gefur hugmynd um fyrrum atvinnulíf á svæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Upprunalegi hluti hússins hefur fengið að halda sér og það hefur verið klætt með bárujárn. Breyting á aðkomu, gluggum og nýbygging í vestur rýrir upprunalegt útlit þess.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi: Hátt
Verbúðarhúsið er reisulegt, stendur virðulega við strandlengjuna og hefur menningarlegt gildi um atvinnulíf á svæðinu. Lagt er til að húsið verði mælt upp, ljósmyndað og teiknað.

Verndarflokkar: Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti